

4. Hin unga kynslóð

V. S. V. blaðamaður minnist í Útvarpinu í kvöld á hina ungu kynslóð hér, og það sem dr. Sigurður Þórarinsson, nýkominn til landsins, hefði um hana sagt. Og er það síst of sagt, að þessi unga íslenska kynslóð er mjög eftirtektarverð, og ástæða til að íhuga, hvernig muni standa á þessum aukna þroska og vexti. Áður um kvöldið hafði dr. Jakob Sigurðsson mjög fróðlega á þetta minnst, en þó ekki á það, sem ef til vill er aðalatatriðið. En aðalorsökin til hins aukna þroska kynni að vera sú — ef ég má gera dálítið að gamni mínu á þessum passíusálmatímum — að fólkið er ekki eins kristið og áður. Fyrrum var það í kirkjunum kennt, að það athæfi, sem leiðir til þess, að kynslóð tekur við að kynslóð, sé í sjálfu sér svívirðilegt, sé jafnvel aðalsvívirðing mannlegs lífs. Og að vísu eimir talsvert eftir af þessari skoðun ennþá. Þannig kemst t. d. síra Benjamín Kristjánsson — sem Jón Magnússon skáld, sannorður maður og réttidæmur, sagði mér að væri gáfumaður — þannig að orði í einhverri blaðagrein: „Allir vitrir menn hafa skilið, að mennirnir eru getnir í synd.“ Ég ætla ekki að fara að útskýra hér, hversu þessi skoðun hlýtur að reynast óholl því sem er í sannleika gott siðferði, og mætti þó margt um það segja. En þessu fylgir sú skoðun, að líkaminn sé í rauninni eitthvað svívirðilegt (sbr. „syndugt hold“), og þá hvötin til ásta í sjálfu sér eitt-hvað óhreint.

Á þessu hefir á síðustu áratugum, einkum eftir að íþróttirnar koma til sögunnar, orðið mikil breyting. Menn hafa nú miklu fullkomnari hugmyndir um það en áður, hvað sé fagur líkamsvöxtur, og miklu fremur áhuga á að reyna að laga líkama sinn í þá átt. Og ungir menn vita nú miklu meira um kvenlega líkamsfegurð en áður, og skilja betur hið forn-kveðna, að það eru ekki allar ástir í andliti fölgunar. En sú var tíðin, að það þótti nánast ósæmilegt, ef nokkuð sá að ráði upp fyrir ökkla á stúlku. —

Af myndum virðist óhætt mega ráða, að hið kristna fólk miðaldanna hafi í alla staði verið mun ófríðara en hinir

heiðnu Grikkir og Rómverjar, og varla heldur efamál hvað einkum muni valdið hafa.

5. Skemmtileg saga

I

Meðal fyrstu vesturfara héðan af landi voru fátæk hjón úr Eyjafirði, — ef mig misminnir ekki —. Var konan systir síra Magnúsar Grímssonar, sem var mjög merkilegur gáfumaður, hafði m. a. áhuga á jarðfræði, og samdi ritgerð um Esjuna. — Hann þýddi einnig allstóra bók um eðlisfræði. Þessi mágur sr. Magnúsar, sem nú var að fara af landi burt, var bókamaður eftir því, sem efni og ástæður frekast leyfðu, og þó að farangurinn væri fátæklegur, þá var þar bókakista með, og í henni eðlisfræði sú, sem síra Magnús hafði þýtt. Með þeim hjónum fór sonur þeirra Hjörtur, þá 5 eða 6 ára. Hann var snemma lestrarfús, og las aftur og aftur bókina, sem móðurbróðir hans hafði þýtt. Vakti sá lestur hjá drengnum mikinn hug á rafmagnsfræði, en það leiddi til þess, að Hjörtur Þórðarson varð einn af merkilegustu rafmagnsfyrirtæki, sem undir hans stjórn hefir þrifist svo vel, að þar vinna nú um 900 manns. Mætti því komast svo að orði, að varla nokkur Íslendingur muni hafa haft önnur eins mannaforráð og Hjörtur. Og eins, að hann hafi á skemmtilegasta hátt afsannað orðtækið, að bókvitið verði ekki í askana látið. En auk þess að vera verksmiðjueigandi og rafmagnsfræðingur, er dr. C. H. Thordarson — en þannig er nafn hans nú ritað — bókamaður í mjög stórum stíl. Hann á nú bókasafn það, sem frægt er, og talið, að mjög fá slík séu til í eins manns eigu. Hefi ég heyrt, að hann muni hafa til kostað því, sem svara mundi milljónum króna. Hefir margan Íslending langað til að eiga bækur, en engum lánast að koma líkt því eins miklu til leiðar í þeim efnum og systursyni Magnúsar Grímssonar.

II

Sagt var í Winnipegblaðinu, sem er heimild mín um ýmislegt, er að ofan getur, — ég man ekki hvort það var Löberg